

143. löggjafarþing 2013–2014.
Prentað upp.

Þingskjal 89 — 89. mál.
Flutningsmenn.

Umsögn frá Hugarafli.

Við fögnum frumkvæði flutningsmanna að vinnu með stefnumótun í geðheilbrigðismálum. Við gerum eftirfarandi athugasemdir inni í tillögunni sjálfri, skáletrað, ásamt inngangi sem við setjum á eftir greinargerð tillögunar.

Tillaga til þingsályktunar

um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar.

Flm.: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Katrín Jakobsdóttir, Björt Ólafsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Helgi Hjörvar, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Þorsteinn Magnússon.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra, í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðherra, að móta geðheilbrigðisstefnu og gera aðgerðaáætlun þar sem fram komi m.a. greining á núverandi geðheilbrigðisþjónustu, hvar þörfin sé mest fyrir þjónustuna og hvernig megi mæta henni ásamt stefnumótun til framtíðar í geðheilbrigðismálum fyrir alla landsmenn. Ráðherra leggi slíka geðheilbrigðisstefnu fram á vorþingi 2014.

Greinargerð.

Heilbrigðisráðherrar í aðildarríkjum Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar staðfestu árið 2005 yfirlýsingu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum. Í yfirlýsingunni vöktu ráðherrarnir sérstaka athygli á tveimur ályktunum stofnunarinnar (EB109.R8 og WHA 55.10) sem báðar hvöttu aðildarríkin að:

– innleiða stefnu í geðheilbrigðismálum, áætlunum og löggjöf, sem byggist á þeirri þekkingu sem er fyrir hendi og almennum mannréttindum, í samráði við

alla viðkomandi aðila á geðheilbrigðissviði;

– auka fjárveitingar til geðheilbrigðismála, bæði innan einstakra landa sem og til tvíhliða og fjölbjóðlegs samstarfs, sem lið í velferðarkerfi þjóðanna.

Þáverandi heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, staðfesti yfirlýsinguna fyrir Íslands hönd.

Hugtakið geðheilsa á sér enga algilda skýringu. Geðheilsa felst í hugsunum okkar, tilfinningum, líðan og gerðum er við tökumst á við lífið. Geðheilsa líkt og líkamleg heilsa er mikilvæg á öllum æviskeiðum, frá bernsku og unglingsárum til fullorðinsára. Geðheilsu er lýst þannig að einstaklingur búi við vellíðan og sé fær um að nýta vel hæfileika sína, takast á við eðlilegt álag í lífi sínu, sýna af sér viðhlítandi afköst og árangur við vinnu og leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Góð geðheilsa og andleg vellíðan er undirstaða lífsgæða og framleiðni meðal einstaklinga, fjölskyldna, samfélaga og þjóða, og gerir fólk fært um að finna tilgang með lífinu og vera virkir og skapandi þjóðfélagsþegnar. Meginmarkmið Íslendinga í geðheilbrigðismálum ætti því að vera að stuðla að vellíðan fólks og starfshæfni með því að beina sjónum að styrkleika fólks og getu, auka sveigjanleika og leggja áherslu á utanaðkomandi forvarnaþætti. Góð geðheilsa er því afar mikilvæg öllum einstaklingum sem og samfélaginu í heild.

Geðheilsu þjóða má skipta upp í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi geðheilsu allra sem þjóðarhagur liggur í að efla og varðveita með geðræktandi aðgerðum og jafnri og sanngjarnri stefnumótun og aðgerðum í samfélaginu. Í öðru lagi geðheilsu þess stækkandi hóps sem greindur hefur verið með geðröskun og í þriðja lagi geðheilsu þeirra sem búa við geðfötlun af völdum alvarlegra geðraskanana en á milli allra flokkanna er ákveðin skörun. Geðraskanir eru annar algengasti heilbrigðisvandi Evrópu, næst á eftir hjarta- og æðasjúkdómum. Talið er að einn af hverjum fjórum Evrópubúum eigi á hverjum tíma við geðraskanir að etja og ríflega tveir þriðju þeirra við kvíða- og þunglyndisraskanir. Ætla má að hlutfallið sé svipað hér á landi og þá er talið að um 2,7% fólks glími við geðfötlun en um þriðjungur af nýgengi örorku er vegna geðfatlana. Í því samhengi er rétt að minna á að með aukinni áherslu á starfsgetu og endurhæfingu fjölgar þeim sem ná samfélagsvirkni að nýju.

Í dag er skipulag meðferðarþjónustu vegna geðraskanana þrískipt. Í fyrsta lagi sinnir heilsugæslan í mörgum tilfellum þeim sjúklingum sem glíma við geðraskanir. Í öðru lagi er almenn og sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta utan spítala, bæði í formi göngudeilda, samfélagsteyma og einkarekinna stofa sérfræðinga. Í þriðja lagi er svo um geðdeildir innan sjúkrahúsa að ræða sem sinna jafnt bráðveiku fólki, sérhæfðum vandamálum, eins og samspili geðraskanana og misnotkunar á vímuefnum, börnum með geðraskanir og endurhæfingu. Þá má einnig nefna ýmis frjáls félagasamtök sem unnið hafa þarft starf á borð við Rauða krossinn, Geðhjálp, Geysi, Hlutverkasetur og Hugarafl.

Hafa ber í huga að nefnd félagasamtök eru mismunandi, vinna eftir mismunandi hugmyndafræði og framlag þeirra til innleiðingar batavinnu er afar ólíkt. Einnig skal bent á það hér að Hlutverkasetur er í eigu AE starfsendurhæfingar sem er einkahlutafélag.

Þessir aðilar hafa ekki einungis haft áhrif á það hvernig þjónusta er veitt heldur einnig veitt nauðsynlega sálfélagslega þjónustu við skjólstæðinga þar sem hið opinbera hefur ekki verið þess megnugt. Þá hefur hugmyndafræði meðferðar við geðröskunum þróast mikið í gegnum árin og iðulega hraðar en kerfið sem á að endurspeglja hana. Hugmyndafræðin um það hvernig best má þjónusta fólk með geðraskanir hefur einkennst annars vegar af meiri þekkingu á meðferð geðraskanana og hins vegar af kröfum þeirra sem njóta þjónustunnar um breytt viðhorf, aukna valdeflingu og aukin mannréttindi. Áhersla er lögð á að meðferð færist í auknum mæli í átt að svokallaðri samfélagsnálgun, þ.e. nær notendum og út af stofnunum með aukinni og virkari þátttöku og sjálfsákvörðun notenda sjálfra.

Það er mat flutningsmanna að nauðsynlegt sé að fara í heildstæða skoðun á geðheilbrigðismálum og þeim þjónustuúrræðum sem nú eru í boði og leggja mat á þörfina fyrir ný og betri úrræði til framtíðar samfara því að fram fari heildstæð stefnumótun í málaflokknum til lengri tíma.

Við teljum að skerpa þurfi batahugtakið í allri stefnumótun til geðheilsbrigðismála. Undanfarin ár hefur mikil vinna farið fram hjá ýmsum aðilum s.s. Hugaraflí við að koma batahugmyndafræði inn í íslenskt geðheilbrigðiskerfi. Það að okkar mati mikilvægt að efla þekkingu og nýta þá reynslu sem komin er af þessari vinnu.

Að okkar mati er læknisfræðilegt módel afar ríkjandi í íslensku geðheilbrigðiskerfi og tilhneiging til stofnanavæðingar enn of mikil. Við teljum að batamódel geti stuðlað að auknum árangri og höfum m.a. sýnt fram á það í okkar starfi. Þar er reynsla þeirra sem þekkja geðraskanir afar mikilvæg og valdeflingin eins og fram kemur í tillögunum.

Mikilvægi sérstakrar geðheilbrigðisstefnu.

Geðheilbrigðismál hafa verið að koma sífellt meira upp á yfirborðið í þjóðfélagsmálum síðustu ára og samfara því eykst þekking almennings á málaflokknum. Um vitund almennings um mikilvægi málaflokksins má m.a. benda á nýlega söfnun átaksins Á allra vörum sem safnar þessa dagana fyrir bráðnauðsynlegri geðgjörgæsludeild á Landspítalanum. Nauðsynlegt er að halda áfram að auka þekkingu og vitund almennings og vinna þannig á fordómum, mismunun og vanþekkingu sem hefur því miður einkennt málaflokkinn til langs tíma.

Málaflokkurinn hefur búið við það að fjárveitingar til hans hafa hvorki verið í hlutfalli við þann fjölda einstaklinga sem falla undir hann né þörf á þjónustunni.

Þar af leiðandi hefur uppbygging og þróun sviðsins ekki verið í samræmi við mörg önnur svið heilbrigðisþjónustu. Þá hefur nú þegar verið bent á að frjáls félagasamtök hafa sinnt uppbyggingu þjónustu þar sem hið opinbera hefur ekki verið þess megnugt.

Ekki hefur áður verið mótuð sérstök geðheilbrigðisstefna heldur hafa geðheilbrigðismál iðulega haft lítið vægi í heilbrigðisáætlunum stjórnvalda til lengri tíma. Flestir eru þó nú sammála um að þörf er fyrir sérstaka geðheilbrigðisstefnu. Þess ber að geta að í tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020 – sem lögð var fram á 141. löggjafarþingi (þskj. 604) var lagt til að mótuð yrði geðheilbrigðisstefna sem tæki til allra aldurshópa en tillagan náði ekki afgreiðslu.

Geðheilbrigðismál eru á mörkum heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu og þarf áætlun í geðheilbrigðismálum að taka mið af því en heilbrigðisáætlun fjallar eðli málsins samkvæmt að mestu leyti aðeins um heilbrigðisþjónustu. Þörf er á samþættingu heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir þann hóp fólks sem þarf á þjónustunni að halda svo skapa megi eðlilega samfellu í þjónustunni en í núverandi kerfi er hætta á því að fólk lendi milli kerfa. *(Þetta á við um marga aðra þætti heilbrigðismála)*

Ýmsar stofnanir ríkisins hafa á síðustu árum sett sér eigin geðheilbrigðisstefnu þar sem ekki hefur verið til staðar opinber geðheilbrigðisstefna. *(gott að nefna dæmi)*. Það er mat flutningsmanna að þessu þurfi að breyta sem fyrst með framlagningu faglegrar, markvissrar og ítarlegrar geðheilbrigðisstefnu þar sem vikið er að öllum helstu þáttum geðheilbrigðis og geðheilbrigðisþjónustu líkt og vikið er að hér að aftan.

Helstu þættir sem þurfa að koma fram í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun.

Að mati flutningsmanna eru ákveðin atriði sem víkja þarf að í þeirri geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun sem lagt er til að ráðherra leggi fram samkvæmt þingsályktunartillögu þessari. Þessi atriði verða ekki öll upp talin hér en eru m.a. að:

– efla heilsugæsluna *(um allt land)* sem fyrsta stig geðheilbrigðisþjónustu í samvinnu við aðra velferðarþjónustu og að heilsugæslan sé almennt fyrsti viðkomustaður vegna geðraskana og sinni meðferð og eftirfylgd, *Innan heilsugæslu höfuðborgarsvæðis hefur verið rekin geðheilsuþstöð sl.10 ár sem heitir Geðheilsa-eftirfylgd. Þar er starfandi teymi sem er samansett af fagmönnum og notendum. Eina teymið sem er þannig samansett samkvæmt okkar vitund. Í teyminu er fagþekking og notendaþekking metin til jafns. Hér er um gríðarlega mikla eftirfylgd að ræða, forvarnir og endurhæfingu. Unnið er eftir valdeflingu og batamódeli og samvinna er mjög nánin við félagasamtökin Hugarafli. Þar starfa saman fagmenn og notendur að eflingu batamiðaðrar þjónustu í íslensku samfélagi og með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á íslenska geðheilbrigðisþjónustu. Eins að efla þjónustu á þessum*

nótum. Reynsla fólks með geðraskanir er sett í farveg og nýtt í þágu uppbyggingar á þjónustu og bataferli einstaklinga með geðraskanir. Einnig fer fram mikil vinna með aðstandendum sem er að okkar mati alveg nauðsynleg. Aðstandendur eru mikilvægur hlekkur í bataferli einstaklinga með geðraskanir og hjá þeim býr mikil og dýrmæt vitneskja. Eins þurfa aðstandendur aðstoð til að átta sig á hlutverki sínu og fá leiðbeiningar til að huga að eigin heilsu einnig. Hjá Geðheilsu-eftirfylgd og Hugaraflí, er um mjög svo aukna eftirspurn að ræða og því þarf að mæta með fjármagni og auknum mannskap. Það sýnir sig að þessi samfélagslega nálgun spara bæði fjármagn og sársauka og þessi leið er sennilega sú ódýrasta í okkar geðheilbrigðiskerfi en um heildræna þjónustu er að ræða þannig að einstaklingar og aðstandendur þurfa ekki lengur að nýta krafta sína til að reyna að rata um ranghala kerfisins.

- *efla geðrækt og forvarnir (forvarnir þurfa að byrja sem fyrst á ævinni, helst í leikskólum, sbr. að þar hefst oft einelti, sem kallar á meira einelti, sem er áhættuþáttur geðsjúkdóma. Einnig forvarnir fyrir eldri borgara)*
- *aðlaga markvisst sérhæfða geðþjónustu innan stofnana að samfélagsnálgun (hér má skýra betur hvað er átt við, er verið að ræða eftirfylgd og er átt við að hugað sé betur að þörfum notenda, þ.e. þeirra sem eru með geðsjúkdóma og aðstandendur)*

Efla áfengis og vímuefnaforvarnir, því geðsjúkdómar vegna áfengis og vímuefnanotkunar eru algengir.

Það vantar allt um meðferð geðsjúkra fanga. Þar er ástandið mjög slæmt.

- *vinna markvisst gegn fordómum, mismunum og félagslegri einangrun innan heilbrigðisstofnana sem utan, (hvernig er það best gert? Nauðsynlegt að með fylgi, greinargerð um ákveðin verkefni sem stefnt er að?) Áætlun um hvernig vinna á gegn fordómum, t.d. með geðfræðslu fyrir nemendur og kennara í leikskólum, skólum og vinnustöðum) (Einnig fyrir eldri borgara).*
- *tryggja rétt nauðungarvistaðra og leita leiða til að binda enda á nauðungarvistanir eða bæta framkvæmd þeirra þannig að hinir nauðungarvistuðu og aðstandendur þeirra hljóti ekki skaða af og réttur þeirra sé tryggður, (endurbæta lög um nauðungarvistun, með hagsmuni þolenda og aðstandenda þeirra í huga. Að þau lög séu einföld og markviss. Leggjum til að sú vinna sem hafin var í Innanríkisráðuneytinu, en þar var komið vinnuþlagg að hugmyndum að ferli sem nauðungarvistun gæti farið í með áherslu á aukna mannúð og eins því að tekin sé ábyrgð frá aðstandendum)*
- *sambætta bataferli og valdeflingu í geðheilbrigðisþjónustu,*
- *bæta geðheilbrigði jaðarhópa og viðkvæmra lífsskeiða, (Viðkvæm lífsskeiði : m.a. ungt fólk/eldri borgarar. Báðir þessir hópar eru áhættuhópar)*
- *bæta hag ungs fólks í geðrofi og auka þjónustu við það, (einnig eldra fólks í geðrofi) (Alvarlegir geðsjúkdómar svo sem geðrof meðal eldri borgara*

eru mjög að aukast. Meira en helmingur eldra fólks á hjúkrunarheimilum notar þunglyndislyf eða önnur geðlyf Hvað er til ráða, eða þetta getur ekki talist eðlilegt ástand).

Til að mæta einstaklingum í fyrsta geðrofi teljum við að taka þyrfti upp nálgun eins og „Open dialog“. Þessi aðferð hefur verið notuð í nær þrjú áratugi í Finnlandi með ótrúlegum árangri. Farið er á vettvang og unnið með tengslaneti viðkomandi í að finna lausnir að hjálp. Ekki er litið þannig á að geðrof þurfi endilega að lagast innan stofnunar heldur er lögð áhersla á að vinna á heimavelli með tilheyrandi stuðningi. Teymi Geðheilsu-eftirfylgdar hefur unnið með nokkur af þeim „principum“ sem þarna eru sett í forgrunn og afar mikilvægt að nýta þá reynslu sem komin er í bráðaaðstæðum. Einnig má hugsa sér að nýta þessa aðferð til að létta á aðstæðum aðstandenda og notenda í sviftingarferli. Hér væri klárlega stuðlað að aukinni þjónustu samkvæmt samfélagslegri nálgun.

– bæta hag vaxandi fjölda ungs fólks með flóknar þarfir, sérstaklega fólks með þroskaskerðingu og á einhverfurófi,

– tryggja samfellu í þjónustu frá fyrstu einkennum til meðferðar og annarra úrræða. Að notendur séu alltaf hafðir með í ráðum varðandi tilhögun læknismeðferðar og séu þeir sem ráða för. Tryggja þarf að réttindi fólks með geðraskanir séu virt á öllum sviðum þjónustu.

– tryggja þjónustu- og búsetuúrræði við hæfi fyrir fólk með geðfötlun (Mjög nauðsynlegt að tryggja hér áframhaldandi fjármagn í Straumhvarfaverkefnið)

– bæta þjónustu við aðstandendur, (Mjög nauðsynlegt)

– tryggja réttindi einstaklinga með geðfötlun til sjálfstæðs lífs með viðeigandi stuðningi

Draga þarf stórlega úr notkun lyfja og gera það að sjálfsögðum réttindum einstaklinga með geðraskanir að allar upplýsingar liggi fyrir, að lyfjameðferð sé alltaf notuð með þeim formerkjum að hægt sé að minnka lyfjagjafireins fljótt og hægt er og jafnvel stoppa þær alveg þegar bataferlið gengur vel. Fylgjast þarf vel með því magni sem er notað, þeim tíma sem einstaklingur er á geðlyfjum, endutskoðun þarf að vera regluleg og auka þarf eftirlit með þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ávísa lyfjum.

Auka þarf stuðning við grasrótarsamtök fólks með geðraskanir. Jafnvel að gera þjónustusamninga við þessi félög varðandi batameðferð, að uppfylltum hæfnisskilyrðum. Auðvelda þarf samstarf þessara aðila við sjóði eins og t.d. Virk.

Tryggja að fjárveitingar séu á grundvelli þeirra þarfa sem hafa verið skilgreind sem viðmið.